

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands



1. tölublað, 8. árgangur

nr. 16

janúar 1999

GLEÐILEGT ÁR !

Nýtt starfsár Rannsóknastofu í kvennafræðum hófst með rabbfundi Rósu Erlingsdóttur um Konur í Miðaustur-Evrópu á tímum stjórnarfarabreytinga, fimmtudaginn 14. janúar. Framundan eru fleiri fundir og opinberir fyrirlestrar, ásamt málþingi í tilefni fimmtugsafmælis tímamótaverksins *Hitt kynið* eftir Simone de Beauvoir. Nánari upplýsingar eru í þessu bréfi.

Stjórn Rannsóknastofunnar hefur tekið ákvörðun um að takmarka bóksölu á stofunni við bækur sem Rannsóknastofan gefur sjálf út. Jafnframt hefur stjórnin ákveðið að fréttabréf stjórnarinnar verði framvegis ókeypis. Irma Erlingsdóttir var í janúar ráðin deildarstjóri Rannsóknastofu í Kvennafræðum en hún tekur við af Láru Magnúsardóttur.

Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum skipa Arnfríður Guðmundsdóttir, stundakennari í guðfræðideild, Herdís Sveinsdóttir, dósent í námsbraut í hjúkrunarfræði, Rannveig Traustadóttir, dósent í félagsvísindadeild, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, dósent í félagsvísindadeild, Sigríður Þorgeirsdóttir, lektor í heimspekideild og Svafa Grönfeldt, lektor í viðskipta og hagfræðideild. Varamaður er Helga Kress, prófessor í heimspekideild. Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Umsjón: Lára Magnúsardóttir og Irma Erlingsdóttir.

LÄRDOMAR OG OCH LÄRANDE: RÅDSTEFNA KENNARA Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM Á NORÐURLÖNDUM

Dagana 28.-29. september sl. var haldin ráðstefna kennara í kvenna- og kynjafræðum á Norðurlöndum. Ráðstefnan nefndist Lärdomar och lärande: Nordiskt symposium om undervisning i kvinno- och könsforskning og var haldin í Stokkhólmi. Ráðstefnan var einkum ætluð þeim sem kenna, skipuleggja og/eða hafa áhuga á kennslu á þessu fræðasviði. NIKK - norræn stofnun kvenna- og kynjarannsóknna, sænska kynjarannsóknarstofnunin og rannsóknarstofa í kvennafræðum við háskólann í Stokkhólmi skipulögðu ráðstefnuna.

Á ráðstefnunni var farið yfir stöðuna í kynjafræðum í Norrænum háskólum. Bornar voru saman mismunandi aðferðir í kennslu og við uppbyggingu fræðanna og rætt um stefnumótun næstu ára. Um 130 manns sóttu ráðstefnuna frá öllum Norðurlöndunum. Við sem komum frá Íslandi vorum fimm talsins frá þremur háskólum. Frá Háskóla Íslands voru það Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Dagný Kristjánsdóttir, frá Kennaraháskólanum Guorún Kristinsdóttir og frá Háskólanum á Akureyri Ingólfur Á. Jóhannesson. Auk þess sat ráðstefnuna Auður Magnúsdóttir, sem er við nám í Svíþjóð. Rektor H.Í. veitti styrk til fararinnar.

Í tengslum við ráðstefnuna var haldið þing nemenda í norrænum háskólum um kennslu í kynjafræðum. Þing nemenda nefndist Rosa moln och blå dunster: Nordisk genusvetenskaplig studentkonferens. Arndís Guðmundsdóttir, sem stundar framhaldsnám í mannfræði við Háskóla Íslands, sótti nemendaþingið. Arndís gerði grein fyrir kennslu í kynjafræðum við Háskóla Íslands og fékk upplýsingar um stöðu og þróun þessara fræða í öðrum norrænum háskólum.

Um hvað fjallaði ráðstefnan?

Á ráðstefnunni Lärdomar och lärande voru bæði fyrirlestrar og panelumræður. Deborah Rosenfelt frá Háskólanum í Maryland hélt fyrirlestur sem hún nefndi "Thinking Globally

and Teaching Locally about Women's Lives" og Karin Widerberg frá Oslo og Anna Wahl frá Stokkhólmi héldu fyrirlestra með yfirskriftinni "Att undervisa i kvinnovetenskap".

Efni panelanna snérist um kennslu í kvenna- og kynjafræðum í Norrænum háskólum út frá ýmsum forsendum. Þemur voru eftir-farandi: 1. Att utveckla kvinnovetenskap som undervisningämne; 2. Tvär- mång och/eller intervetenskap; 3. Situerad kunskap - erfarenhet kontra vetenskap; 4. Smart undervisning - former och metoder; 5. Hur förändrar vi kanon?

Í þemanu um þróun kvennafræða sem kennsluefni kynntu fulltrúar norrænu þjóðanna fimm þróun kvennafræðanna í hverju landi. Rannveig Traustadóttir kynnti þróun kvennafræðanna við Háskóla Íslands, sem nú heita kynjafræði.

Í grófum dráttum má segja að þróun kvenna- og kynjafræða sem kennsluefni innan háskólanna hafi þróast á tvo vegu. Annars vegar hafa verið stofnaðar sérstakar rannsóknarstofnanir, með eigin stöðugildum og sem bjóða upp á sjálfstæð námskeið sem eru ótengd öðrum greinum eða deildum innan háskólanna. Hins vegar eru það rannsóknarstofnanir, þar sem megin markmiðið er að hvetja með ýmsu móti til kennslu í kynjafræðum sem víðast innan háskólasamfélagsins og koma sjónarhorni kynjafræðanna á framfæri. Rannsóknarstofnunin dregur þá fram og samþættir þessi námskeið úti í deildunum og kemur þeim á framfæri við nemendur. Rannsóknarstofnunin stendur einnig fyrir fyrirlestrum og öðrum verkefnum á fræðasviðinu. Þannig er fyrirkomulagið hér á landi.

Eins og þemurnar gefa til kynna fjallaði ráðstefnan m.a. um að hve miklu leyti kynjafræðin eru þverfagleg eða hvort hægt sé að tala um sérstök fræði, án skörunar við aðrar fræðigreinar. Fram kom að sumir fræðimenn upplifa klemmu á milli eigin fræðigreinar og kynjafræðanna, m.a. vegna reina. Skipulögð kennsla í kynjafræðum er auk þess skammt á veg komin við Kennaraháskóla Íslands og við Háskólann á Akureyri.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

STARFSEMI JAFNRÉTTISNEFNDAR HÁSKÓLARÁÐS

NÁMSKEIÐ Í KYNJAFRÆÐUM VIÐ HÁSKÓLAÍSLANDS Á VORMISSERI

Kenningar Umsjón: Dagný Kristjánsdóttir, dósent.

Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvenna Kennarar: Ragnheiður Bragadóttir, dósent og Brynhildur G. Flóvenz, lögfræðingur.

Frjálst nám í trúfræði: Hvað segja konur um Krist?

Kennari: Arnfríður Guðmundsdóttir, Ph.D.

Stjórnun II Umsjón Runólfur Smári Steinþórsson. Kennari: Svafa Grönfeldt, lektor.

Konur og börn í Evrópu 1500-1830 Kennari: Anna Agnarsdóttir, dósent.

Kanadískur póstmóðernismi Kennari: Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, dósent.

Kvennafélagsfræði Kennari: Auður Styrkárssdóttir, stundakennari.

Mannfræði kynmenningar Kennari: Unnur Dís Skaptadóttir, lektor.

Kristin siðfræði og kvennagagnrýni Kennari: Arnfríður Guðmundsdóttir, Ph.D.

NÁMSKEIÐ UM KONUR OG STJÓRNUN

Jafnréttisnefnd háskólaráðs stendur fyrir námskeiði um „Konur og stjórnun“, föstudaginn 5. febrúar n.k., kl. 13-17. Leiðbeinendur verða Svafa Grönfeldt og Árelía Guðmundsdóttir. Námskeiðinu er ætlað að kynna þátttakendum kenningar um stjórnun og hug-myndir um konur og stjórnun. Þar sem margir kennara og fræðimanna innan HÍ sinna stjórnunarstörfum af ýmsum toga, er námskeiðið ekki einungis ætlað konum innan stjórnsýslunnar, heldur öllum konum innan skólans sem hafa áhuga á að kynna sér þetta efni.

Jafnréttisnefnd háskólaráðs tók til starfa í ársbyrjun 1998. Á þessu fyrsta starfsári nefndarinnar var brýnt að leggja línur að aðgerðum. Starf nefndarinnar er fjórþætt: Fræðsla, kannanir/úttektir, ráðgjöf-tillögur og aðgerðir. Megintilgangur starfsins er að koma auga á og gera sýnileg ýmis skilyrði sem standa kynjajafnrétti innan Háskólans fyrir þrifum í þeim tilgangi að leiðrétta kynjamisrétti. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að kyngreina aðstæður í skipulagi háskólastarfseminnar. Nefndin stóð fyrir jafnréttisfræðslu fyrir stjórnendur H.Í. þar sem lögð var áhersla á að taka verði tillit til kynjamismunar við alla stjórnun og skipulagningu stofnunarinnar. Fyrirhugað er að halda námskeið um „Konur og stjórnun“ í byrjun þessa árs. Launamunur kynjanna er nokkur og því hefur jafnréttisnefnd látið gera úttekt á vinnumatskerfinu með tilliti til mismunandi stöðu kynjanna þar. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar nú í ársbyrjun. Nefndin gerði tillögur við drög að nýjum lögum um H.Í. í þeim tilgangi að koma jafnréttis-sjónarmiðum að. Nefndin hefur beitt sér fyrir því að reglum um auglýsingar um lausar stöður verði breytt með það í huga að fá fleiri konur til starfa við H.Í., en hlutfall kvenkennara er mun lægra en karlkennara. Í samnorrænni könnun sem nýlega var gerð kom fram að Ísland rekur lestina með lægst hlutfall kvenna í kennara- og fræðimannastöðum við háskóla á Norðurlöndum. Um þessar mundir er unnið að átaki um kynferðislega áreitni. Verið er að undirbúa gerð fræðslubæklings og fræðsluátaks samfara útgáfu hans. Ennfremur er verið að koma á laggirnar starfshópi til að skilgreina meðferð slíkra mála og leita leiða til að leysa þau á frumstigi.

Sigríður Þorgeirsdóttir.

RABBDAGSKRÁ VETRARMISSERIS 1999
Oddi. Stofa 201. Kl. 12-13.

Fimmtudaginn 14. janúar 1999.

Rósa Erlingsdóttir

*Konur í Miðaustur-Evrópu á tímum stjórnarfarabreytinga
"Lýðræðislegt þegnasamfélag" og kynjasamskipti*

Fimmtudaginn 28. janúar 1999 .

Gunnar Karlsson

Kynjamunur í viðhorfum íslenskra unglinga

Fimmtudaginn 11. febrúar 1999.

Sigprúður Gunnarsdóttir,

*Að skrifa eins og hinar. Ferðasögur Önnu frá Moldnúpi,
sjálfsævisögur og ritstörf kvenna*

Fimmtudaginn 25. febrúar 1999.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Konur og mannréttindi

Fimmtudaginn 11. mars 1999.

Ólöf Ásta Ólafsdóttir

*Fæðingin, kraftmikið og skapandi ferli: Hugmyndafræði
ljósmæðra*

Fimmtudaginn 25. mars 1999.

Auður Styrkársdóttir

*"Flestum minnkar frelsi þá fengin er kona". J.S. Mill og
feminismi 19. aldar á Íslandi*

Fimmtudaginn 8. apríl 1999.

Annadís G. Rudólfsdóttir

Pungað sjálf: líkamsvitund og sjálfsmýnd ungra mæðra

MÁLÞING UM SIMONE DE BEAUVOIR


verður haldið föstudaginn 19. mars, til að minnast þess að
50 ár eru liðin frá útkomu tímamótaverksins *Hitt kynið*.
Frummælendur verða Dagný Kristjánsdóttir, Ragnhildur
Richter, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Sigríður
Þorgeirsdóttir.

OPINBER FYRIRLESTUR

fimmtudaginn 15. apríl 1999 heldur Guðbjörg Linda
Rafnsdóttir opinberan fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í
kvennafræðum sem nefnist
*Frelsi eða fjöttrar? Um áhrif tæknivæðingar á vinnustöðum á
störf og líðan kvenna.*

BÆKUR RANNSÓKNASTOFU Í KVENNAFRÆÐUM

Rannsóknastofa í Kvennafræðum býður nemendum og stuðningsaðilum
stofunnar eftirtaldar bækur á verulegum afslætti: *Fléttur* (kr. 1000),
Íslenskar Kvinnarannsóknir (kr.1500) og *Íslenskar Kvinnarannsóknir*.
Gagnagrunnur (kr.1200).



KIRKJAN OG JAFNRÉTTIÐ

Kirkjuþing samþykkti í október s.l. jafnréttisáætlun kirkjunnar. Þessi samþykkt markar mikilsverð tímamót í starfi íslensku Þjóðkirkjunnar, sem fram að þessu hefur ekki haft neina opinbera stefnu í jafnréttismálum. Vissulega hefur kirkjan verið sett undir íslensk jafnréttislög eins og aðrar opinberar stofnanir, en of hefur lítið hefur oft farið fyrir þeim í starfi hennar. Því hefur mörgum þótt löngu tímabært að kirkjan setti fram mótaða stefnu í málum er vörðuðu jafnrétti kvenna og karla innan hennar og tæki á því ójafnrétti sem konur hafa kvartað um að viðgengist innan stjórnkerfis kirkjunnar, en verði einnig vart í margvíslegri starfsemi og þjónustu sem hún veitir.

Í apríl 1997 skipaði þáverandi biskup, hr. Ólafur Skúlason, nefnd til að skoða þessi mál innan íslensku þjóðkirkjunnar og kynna sér hvernig þeim væri háttað meðal nágrannakirknanna. Hlutverk nefndarinnar var að móta tillögur um leiðir til úrbóta í jafnréttismálum íslensku kirkjunnar. Nefndina skipuðu sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Þórhallur Ólafsson, aðstoðarmaður kirkjumálaráðherra og fulltrúi frá Kvennakirkjunni sem í byrjun var Marta Hildur Richter bókavörður. Sr. Áður Eir Vilhjálmsdóttir tók síðar við af henni.

Nefndin vann verk sitt sumarið 1997 og skilaði drögum að jafnréttisáætlun fyrir Þjóðkirkju Íslands í október 1997. Áætlunin var kynnt á kirkjuþingi þá um haustið og í framhaldi af því var nefndin beðin um að skýra ýmislegt í áætluninni. Nefndin gerði það og skilaði endanlega verki sínu í júní 1998. Í millitíðinni hafði nýr biskup, sr. Karl Sigurbjörnsson, verið kjörinn og þegar kirkjuþing kom saman haustið 1998 lagði hann fram til samþykktar jafnréttisáætlun sem að mestu byggði á áætlun nefndarinnar. Það sem helst bar á milli var að felldur var út inngangur áætlunarinnar þar sem guðfræðileg rök fyrir jafnrétti voru rakin. Jafnréttisnefnd kirkjunnar, sem nefndin hafði lagt til að

yrði stofnuð og heyrði undir ráðherra, var færð til kirkjunnar. Jafnframt var felldur burt að nefndin skyldi gefa umsögn sína um umsóknir um störf innan kirkjunnar áður en störfin væru veitt. Felldur var niður ákvæði um að jafnt skyldi höfðað til beggja kynja í kirkjulegu málfari og þess í stað sagt að vinna skyldi að endurskoðun málfars í kirkjulegri boðun og starfi. Kveðið er á um að jafna skuli aðild kynjanna að yfirstjórn kirkjunnar en sérstakur kafli þar sem þetta var nánar útfært var felldur burt. Þrátt fyrir þessar breytingar er enginn vafi á að samþykkt jafnréttisáætlunarinnar markar tímamót í jafnréttis-málum innan kirkjunnar.

Í jafnréttisáætluninni eins og hún var samþykkt á Kirkjuþingi kemur fram að hún taki mið af íslenskum jafnréttislögum, sem og „stefnumörkun stofnana og stjórnvalda landsins og kirkjulegra alþjóðasamtaka sem þjóðkirkjan á aðild að, Alkirkjuráðsins og Lútherska heimssambandsins.“ Markmið jafnréttisáætlunar er „að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í íslensku þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum kynjanna til að nýta sér það jafnrétti sem tryggt er að lögum.“ Er jafnréttisáætluninni „ætlað að auðvelda öll-um þeim sem innan kirkjunnar starfa og sóknarbörnum hennar að móta og skapa þær forsendur í kirkjunni sem raunverulegt jafnrétti kynjanna hvílir á.“ Til þess að ná þessu markmiði skal lögð megin-áhersla á eftirtalin málefni:

1. Að rétta hlut kvenna innan kirkjunnar
2. Að jafna aðild kynjanna að nefndum og ráðum og yfirstjórn kirkjunnar
3. Að stuðla að jöfnun launa og aðstöðu kvenna og karla innan kirkjunnar
4. Að vinna að fræðslu um jafnrétti
5. Að vinna að endurskoðun málfars í kirkjulegri boðun og starfi

Jafnhliða samþykkti kirkjuþing starfsreglur um hvernig taka skal á kynferðisbrotum innan kirkjunnar.

Það liggur í augum uppi að hér er um stór og mikil verkefni að ræða, sem ekki verða leyst á skömmum tíma. Jafnréttisáætlunin leggur þá ábyrgð á biskup, kirkjuráð, prófasta, presta og sóknarnefndir og stofnanir kirkjunnar að sjá til þess að farið sé að jafnréttislögum og að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunar sé fram-fylgt. Jafnframt skal komið á fót jafnréttisnefnd kirkjunnar (með þremur fulltrúum kosnum af kirkjuþingi), sem beri ábyrgð á fram-gangi jafnréttisáætlunar fyrir hönd biskups og kirkjuráðs og sjái um framkvæmd á einstökum þáttum jafnréttisáætlunarinnar. Kirkjuþing kaus Arnfríði Guðmundsdóttur, Drífu Hjartardóttur og Halldór Reynisson fulltrúa í jafnréttisnefnd til næstu fjögurra ára. Starfsmaður biskupsstofu skal gegna hlutverki jafnréttisfulltrúa kirkjunnar.

Ennþá er langt í land með að kirkjan, bæði sem stofnun og samfélag, verði það jafnréttissamfélag sem Kristur boðaði. En víst er að við framkvæmd þeirra mikilsverðu markmiða sem jafnréttis-áætlun kirkjunnar setur fram, mun kirkjan færast nær þeirri fyrir-mynd sem Kristur setti henni og Páll postuli lýsir í bréfi sínu til Galatamanna með þessum orðum: „Hér er enginn Gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þér eruð öll eitt í Kristi Jesú.“

Arnfríður Guðmundsdóttir
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

ALPJÓDLEGAR RÁÐSTEFNUR 1999

19-23.01.1999 París, Frakklandi. 50th Anniversary of the Second Sex. Upplýsingar: nqfem@aol.com

24.-30.01.1999 Pushchino, Rússlandi. Mathematics, Computer, Education. (Gender perspectives) VI International Conference. Upplýsingar CE@mars.biophys.msu.ru

18.-20.02.1999 Luleå, Svíþjóð. Dolly and the Bean. Problematization of the Biotechnology Discourse. International workshop. Upplýsingar: sara.alander@arb.luth.se

11.-14.03.1999 Brussel, Belgíu. Influencing Change. 2nd World Conference on Breast Cancer Advocacy. Upplýsingar: WWW.natblcc.org

24.-26.03.1999 Berlín, Þýskalandi. Alcohol and gender in Europe: Trends, Patterns and Problems. Upplýsingar: schermann@medizin.fu.berlin.de

25.-26.03.1999 Barselóna, Spáni. Dressing up for War: Transformation of Gender and Genre in the Discourses and Literature of War. Upplýsingar: dressing@blucs.uab.es

26.-31.03.1999 Mannheim, Þýskalandi. Women's Movements and Internationalisation: The "Third Wave" in the context of Transnational Democratic Institutions. Workshop. Upplýsingar: aino.saarinen@oulu.fi og beatrice.halsaa@sfk.uio.no

04.06.1999 University of Warwick, Bretlandi. Voices in Gender and Education. Upplýsingar: voices@warwick.ac.uk

23.-25.04.1999 Santa Barbara, Bandaríkjunum. Women Transforming in the Public. International conference. Upplýsingar: slim@humanitas.ucsb.edu

27.-30.04.1999 Ghent, Belgíu. Gender & Class in the 20th Century. International colloquium. Upplýsingar: amsab@skynet.be

17.-21.05. Dakar, Senegal. La recherche Féministe dans la Francophonie Plurielle. Upplýsingar: fatousow@telecomplus.sn

04.06.1999 Rochester, NY, Bandaríkjunum. Breaking Boundaries. The 11th Berkshir Conference on the History of Women. Upplýsingar: Ingo@troi.cc.rochester.edu

07.-18.06.1999 New Brunswick, Bandaríkjunum. Challenges of the New Millenium. 7th Women's Global Leadership Institute. Upplýsingar: cwgl@igc.org

20.26.06.1999 Tromsø, Noregi. Women's Worlds 1999 – The 7th International Interdisciplinary Congress on Women. Upplýsingar: womens.worlds99@skk.uio.no

13.-16.07.1999 Oxford, Bretlandi. Women Organizing in China. Upplýsingar: cccrw@qeh.ox.ac.uk

14.-30.08.1999 Utrecht, Hollandi. Diasporic Identities and Mediated Cultures: Gender History and Reprsentations. NOISE European post-graduate Summer School in Women's Studies from multicultural and interdisciplinary perspectives with special emphasis on the humanities. Upplýsingar: noise@let.uu.nl

Ágúst 1999, Accra, Ghana: The GASAT (Gender and Science and Technology) 9th International Conference. Upplýsingar: gquaise@africaonline.com.gh

13.-24.09.1999 Bremen, Þýskalandi. Informatica Feminale. Upplýsingar: informatica_femminale@Informatik.uni-Bremen.de

07.-09.10.1999 Minncapolis, Bandaríkjunum. Challenging Rhetorics: Cross-Disciplinary Sites of Feminist Discourse. 2nd Biennial International Femismim(s) and Rhetoric(s) Conference. Upplýsingar: Hildy Miller, Associate Director, Center for Interdisciplinary Studies of Writing, 227 Lind Hall, 207 Church St. SE, University of Minneosota, Minneopolis, MN 55455, Bandaríkjunum.

Rannsóknastofa í Kvennafræðum. Háskóla Íslands. Aðalbyggingu. Skrifstofan er opin frá kl.9.00-12.00 nema föstudaga, frá kl. 10-12. Sími 525- 4595. Fax: 553 1331. Netfang: fem@rhi.hi.is.
